

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 8 2016/2017

Kærandi:

Barnsmóðir Ólafs William Hand.

Kærði:

365 miðlar/Fréttastofa Stöðvar 2

Kæruefni:

Umfjöllun og viðtal við Ólaf William Hand um tálmanir í umgengnismálum í fréttatíma og dægurmálaþætti Stöðvar 2 þann 20. febrúar og vísun til þess nokkra daga á eftir.

Málsmeðferð:

Kærandi sendi siðanefnd kæru sína með bréfi dags. 16. mars 2017. Siðanefnd ræddi hana á fundum sínum 27. mars, 3. maí, 18. maí og 23. maí.

Málavextir:

Kærandi, sem er barnsmóðir viðmælandans, Ólafs, rekur málavexti og efnisatriði viðtalsins og sendi nefndinni allmörg fylgiskjöl. Er þess krafist að siðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að fjölmíðillinn hafi framið alvarlegt eða mjög alvarlegt brot á siðareglum félagsins.

Kærandi segir meðal annars í bréfi sínu til siðanefndar:

„Eins og mál þetta blasir við barnsmóður, kvartanda í máli þessu til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands, voru öll efnisatriði fréttarinnar og viðtalsins röng og sum beinlínis upplögin enda gerði Stöð 2 enga tilraun til að fá hennar hlið málsins og sýndi síðar engan áhuga á að fá hennar hlið.“

Kærandi segir að Sindri Sindrason hafi hringt í sig að kvöldi mánudags 20. febrúar og tilkynnt henni að barnsfaðir hennar yrði í fréttunum um kvöldið og ef kærandi vildi koma með yfirlýsingu hefði hún 20 mínútur til þess. Kærandi fékk vinkonu sína, sem hún segir vera lögfræðing og hafa starfað sem fréttamaður, til að hafa samband við Stöð 2. Vinkonan náði þar í Kristínu Þorsteinsdóttur aðalritstjóra og tjáði henni að fullyrðingar viðmælandans Ólafs væru rangar. Viðbrögð Kristínar hafi verið að kærandi skyldi horfa á innslagið.

Rakið er að í umfjölluninni kæmi fram að viðmælandinn hefði sætt umgengnistálmunum í tíu ár af hálfu barnsmóður sinnar og að það hafi jafnframt komið fram í kynningu í fréttatímanum að það sem Ólafur hafi sagst hafa orðið fyrir af hálfu barnsmóður væri alvarlegt þjóðfélagsmein sem sjónvarpsáhorfendur fengju nú að heyra sannleikann um. Kærandi telur að verulegar brotalimir hafi verið á því að blaðamenn fullnægðu skilyrðum 3. gr. siðareglна Bí um að vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu: Nauðsynlegri upplýsingaöflun hafi ekki verið sinnt, fréttin hafi byggst á röngum upplýsingum, lög um vernd persónuupplýsinga hafi verið brotin og brotin hefði verið 3. gr. siðareglна um að sýna fyllstu tillitssemi í vandasönum málum og að forðast umfjöllun sem gæti valdið saklausu fólk i óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Daginn eftir umfjöllun Stöðvar 2 hafi lögmaður kæranda leitast við að ná sambandi við Kristínu Þorsteinsdóttur aðalritstjóra, móðir sín hefði sent Kristínu tölvupóst og lögmaðurinn

sent tölvupóst 27. febrúar til Sindra Sindrasonar sem hefði svarað því að hann myndi biðja Kristínu að vera í sambandi við lögmanninn. Þar sem þessu hefði í engu verið svarað sæi kærandi sér ekki annarra kosta völ en að kæra málið til að fá úr því skorið hvort þessi vinnubrögð samrýmdust siðareglum félagsins.

Lögmaður Stöðvar 2 setur fram sjónarmið fyrir hönd fjölmíðilsins í bréfi til siðanefndar 28. apríl. Segir hann kröfu 365 miðla hf. þá að komist verði að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn siðareglum Bí vegna viðtalsins. Umfjöllunin hafi ekki verið framsetning blaðamanns á frétt heldur viðtal við mann sem telji á sig hallað í samfélaginu. Í bréfi lögmannsins kemur eftirfarandi fram:

Það er mikilvægt að hafa í huga að í viðtöllum er það ekki hlutverk blaðamanns eða spyrils að setja upp einhvers konar réttarhöld eða málstofu, þar sem tveir aðilar geta komið sínum sjónarmiðum á framfæri, hvor í kapp við annan. Fjölmíðlar hafa hins vegar ríkar skyldur að mati fréttastofu 365 til að tryggja að andlag umfjöllunar geti brugðist við og komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Í þessu máli var sú skylda uppfyllt, þó kærandi hafi ekki kosið að nýta sér hana.

Þá segir í bréfi lögmannsins að reynt hafi verið að fara eins varlega og hægt var, kærandi eða barnið hafi ekki verið nafngreind eða myndir birtar. Meirihluti viðtalsins fari í umfjöllun um kerfið og hvernig það hafi brugðist við frekar en um samskipti aðila.

Umfjöllun:

Siðanefnd mun í úrskurði þessum ekki rekja nema að litlu leyti umfjöllun sína um kæruatriði eða viðbrögð kærða við þeim. Umgengnismál, barnaverndarmál og önnur slík mál er varða persónuleg og nán samskipti einstaklinga og fjölskyldna eru afar vandmeðfarin.

Í ágreiningsmáli kæranda og viðmælandans er tekist á um hvort umgengnisréttur föður hafi verið virtur eða hvort barnsmóðir hafi tálmað umgengni. Umrætt viðtal snýst annars vegar um meinta tálmun og hins vegar almennt um það hvernig foreldri sem beitt er tálmun getur beint kvörtun til sýslumanns. Einnig lýsir viðmælandinn hvernig mál hans hafi „velkst um í kerfinu“. Hann viti ekki hvort við sýslumannsembætti sé að sakast „eða kerfið“.

Ljóst er að kærandi telur á sér brotið í ýmsum atriðum þar sem aðeins önnur hlið málsins hafi komið fram en ekki hlið kæranda. Í viðtalini kemur fram gagnrýni viðmælandans á stjórnvöld og það álit hans að þau dragi fremur taum þess sem tálmar umgengni en þess sem telur sig verða fyrir tálmun. Einnig gagnrýnir hann barnsmóður sína fyrir að hindra umgengni sína við barnið. Í fréttinni og viðtalini er fjallað um afar viðkvæmt mál en engu að síður mikilvægt enda varðar það gagnrýni á stjórnvöld og fellst siðanefnd á að slík umfjöllun eigi erindi þó að það snerti öðrum þræði viðkvæm mál einstaklinga. Þegar hið meinta tálmunarmál komi til umræðu í viðtalini gagnrýnir viðmælandinn kæranda með eigin orðum og telur siðanefnd fjölmíðilinn ekki brotlegan í því atriði þótt þar komi aðeins fram önnur hlið málsins. Siðanefnd telur að þess verði ekki krafist að andstæðum sjónarmiðum séu ávallt gerð skil í sömu frétt/umfjöllun í sömu útsendingu.

Telur siðanefnd því að Stöð 2 teljist ekki brotleg við siðareglur.

Kærandi bendir á að erindum bæði lögmanns síns og móður sinnar vegna umfjöllunarinnar sem beint var til Stöðvar 2 þann 21. febrúar og 27. febrúar hafi ekki verið svarað. Vegna þessa

atriðis vill siðanefnd taka fram að hún telur það lítilsvirðingu við kæranda og talsmenn hans að tölvupóstum eða símtölum þeirra í kjölfar umræddrar umfjöllunar skuli ekki hafa verið svarað meðal annars í ljósi þess að kæranda var boðið að koma að sínum sjónarmiðum við umfjöllun um málið. Telur siðanefnd slík vinnubrögð að finnsluverð en að ekki sé tilefni til að telja að þetta atriði eitt og sér varði við siðareglur.

Úrskurður:

365 miðlar/Fréttastofa Stöðvar 2 teljast ekki brotleg í máli nr. 8/2016-2017.

Gáit í Reykjavík 23. maí 2017.
Ásgeir Þór Árnason Hjörður Gíslason
Björn Vignir Sigurpálsson Jóhannes Tómasson
Björn Vignir Sigurpálsson
Friðrik Þór Guðmundsson
Friðrik Þór Guðmundsson